

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

*Breyting á deiliskipulagi Hellnahrauns, 2. áfanga, Álfhella 6.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 7. nóvember 2007 breytingu á deiliskipulagi Hellnahrauns, 2. áfanga, Álfhella 6 í Hafnarfirði. Breytingin felst í að byggingarreitur lóðar stækkar um 5,3 m til norðurs og 3,1 m til austurs. Gólfkóti breytist úr 32 m í 31,60 m. Á lóðarmörkum lóðar nr. 3 við Einhelli og nr. 4 við Álfhelli er gert ráð fyrir stoðvegg. Farið var með deiliskipulagsbreytinguna skv. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*F.h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 29. febrúar 2008,*

**Anna Sofía Kristjánsdóttir** arkitekt.

---

B-deild – Útgáfud.: 14. mars 2008